

Verkfraeðingafélag  
Íslands <sup>1912-2012</sup> 100

Ársskýrsla  
starfsárið 2014-2015

**Ársskýrsla** þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands 2014-2015. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

### Stjórn VFÍ 2014-2015

Kristinn Andersen, formaður  
Páll Gíslason, varaformaður  
Bjarni G.P. Hjarðar  
Guðrún Sævarsdóttir  
Sveinbjörn Pálsson  
Arnór B. Kristinsson, varamaðstjórnandi  
Gísli Georgsson, varamaðstjórnandi

### Kjaradeild

Kári Steinar Karlsson, formaður  
Auður Ólafsdóttir, varaformaður  
Halldór Árnason  
Kristinn Steingrímsson  
Kristján Sturlaugsson  
Elísabet Vilmarsdóttir, varamaðstjórnandi  
Rúnar Svavar Svavarsson,  
varamaðstjórnandi

### Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður  
Davíð Á. Gunnarsson  
Steinar Friðgeirsson  
Gylfi Árnason, varamaðstjórnandi

### Endurskoðendur

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður  
Kristinn Gestsson, löggiltur  
endurskoðandi

### Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.  
Sigrún S. Hafstein  
Þrúður G. Haraldsdóttir  
Guðríður Ó. Magnúsdóttir  
Ingigerður Jónsdóttir  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Lydía Ósk Óskarsdóttir

### Efnisyfirlit

Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur félagssjóðs 2014	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2014	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2014-2015	bls. 26



### Ávarp formanns VFÍ

Verkfræðingafélags Íslands stendur um þessar mundir styrkum fótum og eflist með hverju árinu, eins og gróskumikið starf félagsins vitnar um. Sameining SV og VFÍ fyrir fjórum árum ver heillaskref, félagsmönnum fjölgar jafnt og þétt og fjárhagur félagsins stendur vel.

Á liðnu starfsári fóru fram fjölmargir viðburðir á vegum félagsins, deilda þess og starfshópa. Eftir gagngerar endurbætur á salnum í Verkfræðingahúsi voru aftur teknir upp Samlokufundir í hádeginu sem voru fjölmargir, eins og sjá má af yfirlitinu aftast í ársskýrslu þessari. Kvennanefnd VFÍ gekkst fyrir ýmsum viðburðum og í annað sinn var svokallað rósaboð fyrir konur sem luku verkfræðiprófi síðastliðið ár. Aðrar deildir og hópar notuðu jafnframt sal hússins til margs konar kynningarfundu og námskeiða.

Starfsemi deilda félagsins utan höfuðborgarsvæðisins var öflug, en deildir VFÍ á norðurlandi og austurlandi áttu gott samstarf við landshlutadeildir TFÍ, þar sem farnar voru haustferðir í upphafi vetrar og starfsárinu lauk undir vor með aðalfundum og borðhaldi í góðum félagsskap.

Meðal þeirra viðburða sem vöktu sérstaka athygli á liðnu starfsári var ráðstefna Rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ í nóvember um rafbílavæðingu á Íslandi, en ráðstefnan fór fram fyrir fullu húsi í fyrirlstrar-sal Arion banka. RVFÍ og aðrir skipuleggjendur ráðstefnunnar unnu ötullega að undirbúningi og náðu þar saman breiðum hópi verkfræðinga, annarra tæknimanna, hagsmunaaðila og áhugamanna um rafbílavæðingu. Ávörp fluttu forseti Íslands og forsætisráðherra, sem í erindi sínu greip á lofti tillögu frá deildinni um að vinna að stefnumótun um rafbílavæðingu Íslands. Við það var staðið og RVFÍ vann ítarlega tillögu að

stefnumótun ásamt greinargerðum og ítarlegni, sem afhent var forsætisráðherra og ríkisstjórn í stjórnarráðinu fyrir lok árs eins og lofað var – daginn fyrir gamlársdag. Þetta framtak vakti talsverða athygli og jákvæða umræðu í samfélaginu og gerðu fjölmiðlar því góð skil.

Auk fjölmargra viðburða sinnti félagið ýmsum verkefnum sem sameiginlegur málsvari verkfræðinga. Atvinnuvegaráðuneytið gekkst fyrir endurskoðun reglna um veitingu leyfis fyrir starfsheiti verkfræðinga, þar sem leitað var samráðs við VFÍ. Félagið lét sér umhugað um að kennsla í stærðfræði og raungreinum yrði ekki skert þegar kæmi að styttingu náms við framhaldsskólana, tekin var saman greinargerð um málið og rædd ítarlega á góðum fundi með mennta- og menningarmálaráðherra. Þá gerði félagið athugasemdir við takmarkað framlag fjármagns til verkfræði- og tæknimenntunar, með erindi til ráðherra og alþingismana.

Samstarf við félög verkfræðinga á Norðurlöndum hefur verið virkt gegnum NORDING og á árinu var endurnýjaður samningur VFÍ við alþjóðlegu verkfræðisamtökin IEEE. Nánasta samstarf á VFÍ þó sem fyrr við TFÍ, með sameiginlegum rekstri skrifstofu og annarri starfsemi sem reynst hefur báðum félögum farsæl. Félögin áttu með sér samráðsfund á starfsárinu, þar sem samstarfið og samrekstur félaganna var ræddur.

Dagur verkfræðinnar er nú kynntur til sögunnar í fyrsta sinn og væntingar standa til þess að hann verði framvegis árviss viðburður. Stjórn VFÍ hefur um nokkurt skeið horft til þess að gefa verkfræðingum tilefni til að eiga dagsstund saman með áhuga-verðri ráðstefnu, aðalfundi félagsins og að ljúka deginum með kvöldverði sem kemur í

stað árs hátíðar fyrri ára. Þetta fyrirkomulag er meðal annars þekkt frá aðalfundum í norrænu verkfræðingafélögum, þar sem félagar koma saman víðs vegar af landinu, efla þekkingu sína, styrkja tengslanetið og eiga góða stund saman. Það er von okkar að þessi nýbreytni mælist vel fyrir hjá verkfræðingum og gestum þeirra á þessum fyrsta Degi verkfræðinnar, sem í ár er föstudagurinn 10. apríl og tekur þar mið af afmælisdegi félagsins, 19. apríl.

Eins og endranær biður félagsins fjöldi verkefna á nýju starfsári. Félagsmenn VFÍ eru hvattir til að taka þátt í verkefnum og koma á framfæri hugmyndum um umbætur og nýjungar í starfi félagsins. Framkvæmdastjóra, starfsfólki og stjórn, ásamt félagsmönnum, er þakkað einstaklega gott samstarf á liðnu starfsári og óskað alls góðs í þeim störfum sem fyrir höndum eru.

*Kristinn Andersen, formaður VFÍ.*

## Menntamálanefnd

### Skipan nefndarinnar og fundir

Menntamálanefnd VFÍ var á starfsárinu skipuð eftirtöldum:

Steindór Guðmundsson, formaður  
Björn Karlsson  
Heiða Pálmadóttir  
Ingunn Sæmundsdóttir  
Jenný Ruth Hrafnadóttir  
Sigurður M. Garðarsson  
Þórður Helgason

Um hlutverk og verkefni Menntamálanefndar er fjallað í 19. grein félagslaga VFÍ.

Menntamálanefnd hélt alls 11 fundi á starfsárinu og voru þeir fundir nr. 347 - 357. Þar af var reyndar einn netfundur, því hraða þurfti afgreiðslu þriggja umsókna af sérstakri ástæðu. Venjulegur fundartími er annar fimmtudagur hvers mánaðar.

### Umsóknir til félagsins

Umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig verkfræðing voru sem hér segir á starfsárinu. Til samanburðar eru umsóknir síðustu ára:

Af 185 umsóknum um inngöngu í félagið voru 179 umsóknir samþykktar en fjórum var hafnað, ein var dregin til baka og umfjöllun um eina er ekki lokið. Allar 16



umsóknir um ungfélagaaðild voru samþykktar. Af 153 umsóknum um starfsheitið voru 139 umsóknir samþykktar en átta var hafnað og umfjöllun um sex er ekki lokið. Alls var fjallað um umsóknir frá 258 einstaklingum sem sóttu um leyfi til að kalla sig verkfræðing og/eða sóttu um inngöngu í VFÍ eða sóttu um ungfélagaaðild.

Heildarfjöldi umsókna helst áfram mjög mikill, álíka eins og á starfsárinu 2013-2014 og er hann nokkru meiri en starfsárin 2011-2012 og 2012-2013. Öll þessi starfsár er fjöldi umsókna mun meiri en starfsárin þar

á undan. Skýringin er að hluta súa að á starfsárinu 2011-2012 voru SV og VFÍ sameinuð í eitt félag. Það veldur því að eftir sameininguna (1. júlí 2011) bætast við til umsagnar í Menntamálanefnd þær umsóknir sem áður komu beint til SV um inngöngu í SV og voru afgreiddar þar.

Aukinn fjöldi umsókna um inngöngu í VFÍ virðist jafnframt hafa haft í för með sér að umsóknum um starfsheitið hefur líka fjölgað verulega. Einnig fjölgaði umsóknum um ungfélagaaðild nokkuð á tímabilinu fyrst eftir sameininguna, en fjöldi slíkra umsókna dalar aftur á síðasta starfsári. Þær mættu gjarnan vera fleiri, því ungfélagar verða sjálfkrafa félagsmenn þegar þeir ljúka sínu BS- prófi, svo mjög mikilvægt er að fá sem flesta ungfélaga inn í félagið. Í því samhengi má minna má á starfsárið 2006-2007 þegar gert var sérstakt átak í að fjölga ungfélögum, þá gengu 63 ungfélagar í

Starfsár	14-15	13-14	12-13	11-12	10-11	09-10	08-09	07-08
Innganga:	185	165	140	115	42	41	77	57
Starfsheiti:	153	147	131	141	81	66	97	99
Ungfélagaaðild:	16	33	20	23	10	9	9	21
<b>Umsóknir alls</b>	<b>354</b>	<b>345</b>	<b>291</b>	<b>279</b>	<b>133</b>	<b>116</b>	<b>183</b>	<b>177</b>



félagið. Slíkt átak þarf helst að gera á hverju starfsári.

Til fróðleiks má geta þess að umsóknum frá konum er smám saman að fjölga og voru þær á starfsárinu 33% af umsóknum, en voru 29% af umsóknum starfsárið 2013-2014.

### Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og/eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um innngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum. Einnig bárust nokkrar fyrirspurnir frá öðrum, m.a. nokkrum sem lokið höfðu tæknifræðiprófi hérlendis eða erlendis og voru að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum skólum.

### Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig verkfræðing

Á starfsárinu var endanlega lokið vinnu við endurskoðun á reglum um leyfi til að kalla sig verkfræðing. Breytingarnar miða að því að útskýra reglurnar betur, en eiginlegar

kröfur eru óbreyttar frá reglum sem tóku gildi um áramótin 1999-2000. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur verið að endurskoða allar reglur um lögvernduð starfsheiti sem heyra undir ráðuneytið.

Formaður VFÍ og framkvæmdastjóri ásamt formanni Menntamálanefndar VFÍ fóru á fund með fulltrúa ráðuneytisins, þar sem farið var yfir þessar nýju reglur og allt ferlið við að meta umsóknir um starfsheitið verkfræðingur. Ennfremur voru rædd rök fyrir því að viðhalda þessu starfsheiti sem lögvernduðu. Það ráðuneytið um skriflega greinargerð, þar sem félagið var beðið að gera grein fyrir þessum málum í víðara samhengi, m.a. með samanburði við önnur Evrópulönd.

Greinargerðin var unnin af framkvæmdastjóra VFÍ í samvinnu við Menntamálanefndina og var henni skilað til ráðuneytisins. Rétt er að taka sérstaklega fram að bæði fundurinn og öll samskipti við ráðuneytið hafa verið á mjög vinsamlegum nótum.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ  
Steindór Guðmundsson, formaður.*

### Endurmenntunar- og símenntunarnefnd

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum VFÍ og TFÍ. Á starfsárinu voru sem fyrr haldnir fundir með starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga.

Félögin hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðurs-samstarfsaðilar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun HÍ. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Unnið er að því að auka framboð af námskeiðum og eru meðal annars niðurstöður fræðslukannana hafðar til hliðsjónar. Það er vilji félaganna að auka framboð af námskeiðum á landbyggðinni og er unnið að því í samstarfi við Endurmenntun HÍ.



## Útgáfa

Á haustmánuðum 2012 voru útgáfumál VFÍ og TFÍ tekin til gagn Gerrar endurskoðunar. Um langt árabíl gáfu félögin út félagsblaðið Verktækni og Árbók. Ákveðið var að hætta útgáfu Árbókarinnar og finna leiðir til að efla útgáfu ritrýndra greina, tæknigreina og annars faglegs efnis. Í september 2013 kom út fyrsta tölublað Verktækni – tímarit VFÍ/TFÍ. Í blaðinu eru birtar ritrýndar vísindagreinar auk almennra tækni- og vísindagreina.

### Rafræn útgáfa

Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa stóruaukið og hefur meðal annars verið rætt að færa útgáfu félaganna alfarið yfir á rafrænt form og koma upp öflugum greinabanka á netinu með faglegu efni. Möguleikar hvað það varðar verða áfram til skoðunar.

Verktækni – vefrit kom fyrst út í febrúar 2014. Aukinn kostnaður við póstdreifingu og staðan á auglýsingamarkaði kallaði á slíkar breytingar. Í vefritinu er miðlað upplýsingum til félagsmanna um hvað eina sem varðar starfsemi félaganna. Einnig eru birtar styttri greinar um faglegt efni.

### timarit.is

Á árinu 2012 var gerður samningur við timarit.is um að allt útgæfið efni félaganna verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upp-

lýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélir.

### vfi.is

Á vef VFÍ er miðlað fréttum af starfi félagsins og í kjarahluta er miðlað upplýsingum um launatengda hagsmuni. Vefur vfi.is var settur í loftið 2008 í samstarfi við Stéttarfélag verkfræðinga og Tæknifræðingafélag Íslands. Hvert félag hafði sinn vef en útlit og efni að stórum hluta það sama.

Árið 2011 voru gerðar þær breytingar að sett var upp sérstakt svæði fyrir kjaramálin. Kom það til fyrst og fremst vegna sameiningar Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands. Vefir VFÍ og TFÍ eru enn með sama útlit og að langstærstum hluta sama efni.

Óhætt er að segja að vefir félaganna hafi dugað vel en eru barn síns tíma hvað varðar útlit og niðurröðun á innihaldi. Framundan er endurnýjun á vefjunum þar sem meðal annars verður gert ráð fyrir „Mínum síðum“ fyrir félagsmenn þar sem þeir geta fylgst með réttindum í sjóðum o.fl.





Notkun á snjallsímum og spjalddölvum hefur gjörbreytt allri upplýsingamiðlun. Af þessu verður að taka mið þegar stefnan er mörkuð í útgáfu- og vefmálum félaganna.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/vfi.1912](https://www.facebook.com/vfi.1912).

### Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar. Á 100 ára afmælisári Verkfræðingafélags Íslands 2012 kom út bókinn: VFÍ í 100 ár – Saga Verkfræðingafélags Íslands.

Í ritröðinni eru sjö bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. – Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)

### Heimildaöflun um frumkvöðla

Í tengslum við útgáfu félagsins er rétt að nefna að Kvennanefnd VFÍ réðist í það verkefni að afla heimilda og taka viðtöl við konur sem eru frumkvöðlar innan stéttarinnar. Vinnuheiti verknefnisins er: Þær brutu blað – konur í verkfræði. Gögnin voru afhent Miðstöð munnlegrar sögu.



### Siðanefnd VFÍ

Eitt mál barst Siðanefnd VFÍ á síðasta starfsári. Eftir nokkra fundi og að fengnum skriflegum athugasemdum málsaðila lauk málinu með úrskurði nefndarinnar. Siðanefnd VFÍ er skipuð fimm fyrrverandi formönnum VFÍ. Siðanefnd starfsársins var skipuð eftirtöldum: Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður, Hákon Ólafsson, Pétur Stefánsson, Steinar Friðgeirsson og Jóhanna Harpa Árnadóttir.

*Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður.*



## Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

### Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samrekstur skrifstofu VFÍ og TFÍ hefur reynst vel og samstarf félaganna er gott. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Einnig voru skoðunarferðir og heimsóknir í fyrirtæki vel sóttar.

Tilraunir með útsendingar/upptökur af fundunum hafa gengið vel og má finna þær á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktækni>

### Verktækni golfmótið

Árlegt golf-einvígi verkfræðinga og tækni-fræðinga, Verktækni golfmótið, var haldið í átjándu sinn þann 13. ágúst 2014, á golfvelli Leynis Akranesi. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi í sveitakeppninni.

### Vestmannaeyjar – heimsókn

Laugardaginn 10. maí 2014 stóðu VFÍ og TFÍ fyrri heimsókn til Vestmannaeyja. Félagsmenn í Eyjum skipulögðu dagskrá og tóku á höfðinglega á móti hópnum, sem taldi 40 manns.

### Dagur verkfræðinnar

Á starfsárinu var unnið að undirbúningi Dags verkfræðinnar sem verður haldinn í fyrsta sinn 10. apríl 2015. Markmiðið með deginum er að kynna verkfræðina, störf verkfræðinga og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga. Dagskráin hefst kl. 13 á Hilton Nordica með spennandi og fjölbreyttri dagskrá, þar sem fyrirlestrar og kynningar fara fram í tveimur opnum söllum. Aðalfundur VFÍ mun í framhaldi af fyrirlestrunum hefjast kl. 17 í Verkfræðingahúsi við Engjateig, steinsnar frá Hilton Nordica. Í lok dags verður hátíðar-







kvöldverður á Hilton Nordica, þar sem verða heiðursveitingar og skemmtiatriði.

### Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar "vísindaferðir".

### Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra ís-

lenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

### Glæsileg aðstaða

Í janúar 2014 var aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi tekinn í notkun eftir gagngerar endurbætur. Með þeim gjör-

breyttist til batnaðar aðstaðan í Verkfræðingahúsi. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salur glæsilegur að aðstaðan eins og best verður á kosið





## Samstarf innanlands og erlendis

### Félagafjöldinn

Í ársbyrjun 2015 voru félagsmenn VFÍ 2417, þar af eru konur 486 eða um 20%. Sameining VFÍ og SV á árinu 2011 hafði jákvæð áhrif á félagafjölgun og styrkti félagið. Eitt öflugt félag verkfræðinga höfðar greinilega til nýútskrifaðra verkfræðinga. Á fyrstu árunum eftir sameiningu var nauðsynlegt að yfirfara félagaskrána og meðal annars taka af skrá félagsmenn sem ekki höfðu staðið í skilum með félagsgjaldið í lengri tíma. Sú vinna er að baki að mestu leyti.

### Samstarf við Tæknifræðingafélag Íslands

VFÍ og TFÍ hafa rekið sameiginlega skrifstofu í 21 ár. Starfsemin skiptist í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármálasvið. Þrúður G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarmála og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálasviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félaganna.

### Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði hér á landi.

### Þátttaka í OCEANA

Í febrúar 2015 var skrifað undir samning um þátttöku VFÍ og TFÍ í OCEANA sem er öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og vernd hafins. Samningurinn var undirritaður að loknum Samlokufundi þar sem Jón Ágúst Þorsteinsson kynnti OCEANA.

### Norðurlandasamstarf

#### Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að

Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vef Nording er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er: [www.nording.org](http://www.nording.org)


#### ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er samstarfsvettvangur sem var settur á laggirnar árið 2007 af félögum verkfræðinga og tæknifræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Þrjú félög eiga aðild að ANE: Sveriges Ingenjörer, IDA og NITO. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í samskiptum við Evrópusambandið. Á vef ANE, [www.nordicengineers.org](http://www.nordicengineers.org) eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

#### Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gesta- aðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk íslensku félaganna TFÍ og VFÍ.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 1999 - 2015



Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (VFÍ eða TFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunapega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

## Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og standa VFÍ og TFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti, og hefur fulltrúi VFÍ, Steindór Guðmundsson, gegnt formennsku í nefndinni síðastliðin tvö starfsár, þannig að fulltrúi TFÍ tekur nú við næstu tvö starfsárin.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september/október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins, eftir að nýtt aðildarland (Úkraína) var samþykkt á ársfundinum 2014, en Ungverjaland var á móti fellt út sem fullgildur meðlimur. Þeim var þó veitt aukaaðild þar til þeir hafa aftur efni á því að borga árgjaldið. Auk þess eru tvö önnur lönd með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera um 3,5 milljónir. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir, nú var það Steindór Guðmundsson.

## Ársfundur FEANI 2014

Ársfundur FEANI 2014 var haldinn 8.-10. október í Gdansk í Póllandi. Þátttakendur frá flestum aðildarþjóðunum sóttu fundinn, en sex þjóðir sendu þó ekki fulltrúa og fimm þjóðir höfðu ekki atkvæðisrétt vegna vangoldins árgjalds. Sjálfur aðalfundurinn var haldinn 10. október, en 8.-9. október var ráðstefna í nafni FEANI við Tækniháskólann í Gdansk um menntunarmál: „Education of Engineers – Key Task for the Successful European Future“. Fundur landsnefndanna:

„National Members Forum“ var haldinn 9. október að lokinni ráðstefnunni. Áður en sá fundur byrjaði voru sérstakir fundir þriggja svæðishluta innan FEANI til að fara yfir og samræma sjónarmið. Ísland var boðað til fundar hjá FEANI –North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. Á fundinn mættu fulltrúar Norðurlandanna og Bretlands, en Rússar, Eistar og Írar sendu ekki fulltrúa til Gdansk.

## Aðalfundurinn

Forseti FEANI, Dr. R. Fernandez-Aller frá Spáni, flutti skýrslu stjórnar, þar sem m.a. kom fram að fjárhagur FEANI er áfram í nokkuð góðu lagi. Það hefur þó sett strik í reikninginn að fimm þjóðir hafa átt í erfiðleikum með að borga. Samtals voru skráðir hlutir í FEANI 100 við lok ársfundarins og skiptust þeir á aðildarlöndin 33 nokkurn veginn eftir fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga í hverju landi. Sumar þjóðir hafa þó borgað fyrir fleiri hluti en slíkt hlutfall gefur og aðrar þjóðir borga fyrir færri hluti en þær ættu að gera.

Minnstu þjóðirnar hafa einn hlut, en fram að ársfundinum 2013 fengu sumar þeirra afslátt af árgjaldi miðað við efnahag og fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi afsláttur var afnuminn á ársfundinum 2013 þrátt fyrir mótmæli minnstu þjóðanna. 2014 var aðlögunarár, þar sem gjaldið var hækkað upp í hálfan hlut, og 2015 upp í 75% en eftir það verður borgað fullt verð fyrir hvern hlut. Fyrir Ísland þýðir það að okkar árgjald fer úr ca. 1.600 EUR árið 2013 upp í ca. 4.300 EUR.

1 hlutur	Belgía	2 hlutir	Austurríki
	Búlgaría		Frakkland
	Eistland		Írland
	Ísland		Pólland
	Króatía		Tékkland
	Kýpur	3 hlutir	Grikkland
	Lúxemborg		Holland
	Makedónía		Rússland
	Malta	4 hlutir	Danmörk
	Rúmenía		Noregur
	Serbía		Portúgal
	Slóvakía	5 hlutir	Sviss
Slóvenía	Svíþjóð		
Úkraína	6 hlutir	Finnland	
Auka-aðild	Aserbaidsjan	10 hlutir	Ítalía
	Kasakstan	11 hlutir	Bretland
	Ungverjaland		Þýskaland
		7 hlutir	Spánn

Þátttakendur í FEANI og fjöldi hluta.

Stærstu þjóðirnar hafa haft 10-11 hluti í FEANI, en Frakkar stefna að því að fara upp í fimm hluti 2015. Rússar byrjuðu með 10 hluti, en hafa lækkað sig í þrjá hluti, en báðar þessi þjóðir ættu að vera með 10 hluti. Frakkar hafa borgað málamyndaárgjald í nokkur ár (án réttinda).

Í skýrslu stjórnar var ennfremur farið yfir nokkur helstu verkefni sem verið hafa í gangi hjá FEANI undarfarin ár, en þar á meðal er nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: „ENAAE / EUR-ACE accreditation“. Sífellt fleiri námsbrautir hafa fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum. Flestar af þessum nýju námsbrautum eru við skóla sem ekki hafa áður verið vottaðir, m.a. í Rússlandi, en Írar hafa t.d. keyrt sitt skólakerfi í gegnum þessa nýju gæðavottun. Ástralía og Kúvæt hafa tekið upp þetta gæðamatskerfi og áhugi er fyrir því í Úkraínu.

Annað verkefni er svokallað Engineer Card (ENGCARD). Þetta er skírteini sem á meðal annars að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og fá vinnu í Evrópulöndum utan heimalandsins. Þetta verkefni hefur verið á döfinni í nokkur ár, og m.a. fengið styrk frá ESB til að prufukeyra það sem hugsanlega fyrirmynd fyrir aðrar starfsstéttir. Upphaflega voru aðeins þrjár þjóðir þátttakendur í verkefninu, Þýskaland, Holland og Tékkland, en á fundinum kom fram að nú væru 11 þjóðir þátttakendur. Norðurlöndin hyggjast bíða í bili og nýta sér reynslu þessara fyrstu þjóða og höfum við fylgt þeim í þessu.

Í lok fundarins voru greidd atkvæði um inngöngu Úkraínu í FEANI, sem var samþykkt. Þar með eru aðildarþjóðirnar 32, auk þriggja sem eru með aukaaðild, en ein þeirra (Ungverjar) verður fullgildur meðlimur aftur þegar fjárhagur þeirra batnar.

Í stjórnarkjöri var kjörinn nýr forseti, sem er Prof. Dr. José Manuel Pereira Vieira frá Portúgal. Varaforseti var kjörinn Ralph Appel frá Þýskalandi.

Ulf Bengtsson frá Svíþjóð situr áfram í stjórninni sem gjaldkeri og Trond Markussen frá Noregi var endurkosinn meðstjórnandi. Kosnir voru fimm meðstjórnendur, en sjö gáfu kost á sér.

Næsti aðalfundur FEANI verður haldinn 7.-9. október 2015 í Lissabon í Portúgal, en Svíar hafa boðið Malmö fram 2016 og Norðmenn hafa boðið Osló fram 2017. Til tals hefur komið hjá Íslandsdeild FEANI að þjóða Reykjavík fram árið 2018, en ekkert hefur þó verið ákveðið enn.



## Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Félagssjóð Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-21.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Verkfræðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins tæpum 13,2 mkr. en rekstrarartekjur námu rúmum 65,3 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 145,2 mkr. En heildarskuldir rúmum 89,1 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 56,1 mkr. í árslok.

*Reykjavík, 31. mars 2015.*

*Kristinn Gestsson,*

*löggiltur endurskoðandi*

Ég undirritaður félagskjörinn endurskoðandi Verkfræðingafélags Íslands, hefi yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og legg ég til að hann verði samþykktur.

*Reykjavík, 7. apríl 2015.*

*Torfi G. Sigurðsson*

## Ársreikningur félagssjóðs 2014

### Rekstrarreikningur félagssjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	65.322	56.240
Aðrar tekjur		616
Rekstrartekjur alls	<u>65.322</u>	<u>56.856</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Samrekstrarkostnaður skv. skiptireglu	28.103	26.828.
Stjórnarlaun-samninganefndir	2.534	1.870
Skrifstofukostnaður-sérgreindur	2.304	1.905
Rekstrargjöld alls	<u>32.941</u>	<u>30.603</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	32.381	26.253
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Verktækni og útgáfa	-4.313	-4.135
Ritröð, saga VFÍ	-589	-43
Skönnun eldri útgáfuverka	0	-1.585
Hug- og vélbúnaður v/félagakerfis o.fl.	-4.315	-5.684
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	-1.480	-1.618
Innlent og erlent samstarf	-3.174	-3.583
Kjarakannanir	-1.254	-773
Lögfræðikostnaður	-4.645	-3.643
Annað	-1.582	-1.618
	<u>-21.352</u>	<u>-22.682</u>
Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda	11.029	3.571
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur	2.965	3.538
Fjármagnstekjuskattur	-410	-680
Vaxtagjöld / innheimtukostnaður	-400	-443
	<u>2.155</u>	<u>2.415</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>13.184</u>	<u>5.986</u>

### Efnahagsreikningur félagssjóðs VFÍ 31.12.2014

	2014	2013		2014	2013
<i>Eignir</i>					
Fastafjármunir	0	0	<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Veltufjármunir:			<i>Eigið fé:</i>		
Skammtímaskuldir	41.098	34.328	Óráðstafað eigið fé	56.084	20.196
Handbært fé:	104.115	84.872	<i>Skuldir:</i>		
			Skammtímaskuldir	89.129	99.004
Samtals eignir	<u>145.213</u>	<u>119.200</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>145.213</u>	<u>119.200</u>



## Húseignir VFÍ

## Ársreikningur hússjóðs 2014

### Engjateigur 9

Skömmu eftir áramót 2013-2014 lauk langþráðum framkvæmdum í salnum. Notkun hans hefur aukist og mikil ánægja er með breytingarnar. Hljóðvist hefur stórbatnað og öll aðstaða til funda- og veisluhalds er eins og best verður á kosið. Ekkert laust leigupláss er í húsinu en skoðað hefur verið að breyta afgreiðslu á 2. hæð í vesturenda í skrifstofuherbergi. Drög að hönnun liggja fyrir en framkvæmdir eru ekki hafnar. Merking á húsinu er í vinnslu sem og upplýsingaskilti við innkeyrslu að húsinu.

### Í húsnefnd sitja:

Vífill Oddsson, formaður  
Agnar Kofoed-Hansen  
Albert Guðmundsson

### Rekstrarreikningur hússjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	21.718	21.440
	<u>21.718</u>	<u>21.440</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteigna	6.283	6.224
Framlag til samrekstrar	869	858
Annar kostnaður	316	346
	<u>7.468</u>	<u>7.428</u>
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	14.250	14.012
Fyrningar	-7.449	-6.219
	<u>-7.449</u>	<u>-6.219</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	6.801	7.793
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	-911	-7
	<u>5.890</u>	<u>7.786</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu		

### Efnahagsreikningur hússjóðs VFÍ 31.12.2014

	2014	2013		2014	2013
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	353.385	339.996	Óráðstafað eigið fé	306.970	295.720
			Fyrningarsjóður fasteignar	9.663	4.433
Fastafjármunir alls	<u>353.385</u>	<u>339.996</u>	Eigið fé alls	<u>316.633</u>	<u>300.153</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímaskröfur	286	25	Langtímaskuldir	35.802	25.138
Handbært fé	458	1.176	Skammtímaskuldir	1.694	15.906
Veltufjármunir alls	<u>744</u>	<u>1.201</u>	Skuldir alls	<u>37.496</u>	<u>41.044</u>
Samtals eignir	<u>351.129</u>	<u>341.197</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>354.129</u>	<u>341.197</u>

## Skýrsla Kjaradeildar VFÍ 2014

Með auknum fjölda félagsmanna á almennum vinnumarkaði eykst einstaklingsbundin þjónusta á skrifstofunni jöfnum skrefum. Þar ber hæst undirbúningur launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga og lausn ágreiningsmála við vinnuveitendur. Þessi þróun er í takti við reynslu annarra kjarafélaga. Í ár voru snöggtum fleiri ágreiningsmál sem vísa þurfti til lögmanns félagsins en áður með tilheyrandi kostnaðaraukningu. Niðurstöður hafa oftast verið félagsmönnum í hag og er þetta bakland félagsmönnum ómetanlegt.

Fyrsta námskeiðið var haldið fyrir trúnaðarmenn sem kosnir voru árið 2014 og kom þar í ljós þörfin fyrir að halda slík námskeið oftari. Enn má gera betur og þá einkum með kosningu og áframhaldandi kosningu trúnaðarmanna á almenna vinnumarkaðnum.

Árið 2014 var sannkallað kjarasamningsár þar sem endurnýjaðir voru allir kjarasamningar félagsins til eins ár og stefnir hraðbyri í að árið 2015 verið annað eins ár en líkur eru á að lítill friður ríki yfir kjarasamningsgerð þessa árs. Tímabundinn starfsmaður hefur verið að störfum á kjaraviðinu til að sinna stofnanasamningum hjá ríkinu sem er hluti af miðlægum kjarasamningi eða 11. kafla hans. Samningafundur eru nú haldnir með þeim stofnunum sem hafa flesta félagsmenn.

### Gerð kjarasamninga

Fyrstu viðfangsefni starfsársins voru gerð kjarasamninga sem var fyrirferðarmikið viðfangsefni. Aðilar vinnumarkaðsins einsettu sér að ná svokölluðum „stöðugleikasáttmála í kjarasamningum“ sem hófust með skammtímasamningum til eins árs með tæplega 3% hækkun launa. Eftir samningalotur vorsins var orðið nokkuð ljóst að stöðugleikinn var ekki sem skyldi eftir verkföll ýmissa hópa launþega sem enduðu síðan með verkfalli lækna þar sem launahækkningar eru taldar vera um 30%. Órói er því mikill á

vinnumarkaði og fyrir dyrum standa verkföll stétta sem samið höfðu um 2,8% launahækkun í upphafi árs og sátu eftir í útteilingu kjarabóta. Óljóst er hvenær samningaviðræður hefjast fyrir alvöru og gætu dregist fram yfir mitt ár 2015. Enn er rætt um skammtímasamninga en tíminn einn leiðir í ljós hver niðurstaðan verður.

Á almenna vinnumarkaðnum stendur yfir endurskoðun samninga við Samtök atvinnulífsins en undirbúningur er hafinn vegna annarra kjarasamninga. Viðræður eru hafnar við Félag ráðgjafarverkfræðinga - FRV en þar er hinkrað eftir því hvað gerist í heildarkjarasamningum á almennum vinnumarkaði eins og hefðin hefur verið.

Kjaraviðræður á opinberum vinnumarkaði munu dragast fram yfir fyrirhugað verkfall BHM stéttarfélaganna og óljóst hvenær viðræður við Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga fara af stað.

Félagsmenn VFÍ sem tilheyra Kjaradeild voru um 1750 um áramót 2014-2015.

### Almennur vinnumarkaður

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru:

- Við SA – Samtök atvinnulífsins
- Við FRV- Félag ráðgjafarverkfræðinga
- Við RARIK
- Við OR – Orkuveitu Reykjavíkur

### Opinber vinnumarkaður

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru:

- Við Ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

### Lögfræðiaðstoð

Aðstoð í tengslum við túlkun kjarasamninga og stofnanasamninga hefur verið umtalsverður hluti af lögfræðiaðstoð ársins en úrlausn mála einstakra félagsmanna er þó talsverður.

### Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Sveinn I. Ólafsson formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Steinar Friðgeirsson og Gylfi Árnason, varameðstjórnandi.

Þann 23. mars 2015 stóð deildin fyrir fjölmönnum fundi á Hilton Nordica um útboð og kaup á ráðgjafarþjónustu. Jóhannes Karl Sveinsson hrl. hjá Landslögum fjallaði um aðferðir opinberra aðila við kaup á ráðgjafarþjónustu og takmarkanir á því hvað ráða má vali ráðgjafa. Þá kynnti Michael Osborne sérfræðingur hjá Alþjóðabankanum stefnumótun bankans í útboðsmálum.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ hefur óskað eftir tillögum frá félagsmönnum um áhugaverð fundarefni sem verða tekin fyrir á næstunni. Einnig hefur stjórnin beitt sér fyrir því að tekin verði saman tölfraði meðal annars um menntun, starfsvettvangur og aldursamsetningu félagsmanna í VFÍ.

## Skýrsla Fjölskyldu- styrktarsjóðs VFÍ 2014

### Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2014-2015:

Sveinn Víkingur Árnason, formaður  
Auður Ólafsdóttir  
Hulda Guðmundsdóttir

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við.

Veittir voru 370 styrkir sem er 23% fjölgun milli ára. Munar þar mest um hóprannsókn vegna skimunar fyrir ristilkrabbameini en 59 félagar eldri en 50 ára fóru í slíka rannsókn. Styrkjagreiðslur skiptust þannig að styrkir í formi dagpeninga voru 32 þar af 21 í fæðingarorlof. Sértekir styrkir voru 295 að frádregnum hóprannsóknunum.

Sjóðfélagar voru um 483 í árslok 2014 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Gera má ráð fyrir að virkir sjóðfélagar séu tæplega 400.


### Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 21 mkr. og hækkuðu um 25% milli ára. Styrkir námu 22,4 mkr. sem er 28% hækkun á milli ára. Rekstrargjöld voru um 2,2 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 2,8 mkr. og var óráðstafað eigið fé í árslok 2014 var 48 mkr.


### Rekstrarreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	20.977	16.745
<i>Rekstrartekjur alls</i>	20.977	16.745
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	22.368	17.541
Umsýslukostnaður	2.098	1.674
Annar kostnaður	609	558
<i>Rekstrargjöld alls</i>	25.075	19.773
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	-4.098	-3.028
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	1.308	2.062
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<b>-2.790</b>	<b>-966</b>
Óráðstafað eigið fé	<b>48.093</b>	<b>50.883</b>


Sjóðfélagar  
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr  
Fjölskyldu og styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur  
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ





## Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2014

### Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2014 til 2015:

Hulda Björg Þórisdóttir  
Halldór Árnason  
Björgvin Áskelsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn á FRV verkfræðistofum og starfsmenn á almennum markaði. Á síðastliðnu ári voru veittir 737 styrkir sem er nokkur fækkun frá árinu áður en þar munar mest um fækkun dagpeningastyrkja.

Almennir styrkir voru 613 og dagpeningastyrkir voru 107 flestir vegna fæðingarorlofs. Sértekir styrkir voru 17. Á árinu 2014 var öllum sjóðfélögum eldri en 50 ára boðið upp á skimun fyrir ristilkrabbameini. Alls nýttu sér 102 sjóðfélagar það boð og fjöldi bætist sá fjöldi við fyrrgreinda tölu um fjölda styrkja. Stefnt er að því að halda áfram með þessa hóprannsókn.

### Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2014 námu rúmum 122,8 mkr. sem er 27% hækkun frá 2013. Styrkir námu tæplega 61 mkr og hækka ekki milli ára. Rekstrargjöld voru 13,4 mkr.

Sjóðfélagar voru 1647 í árslok 2014 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Það er 24% fjölgun milli ára.


### Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	122.739	96.628
Rekstrartekjur alls	122.739	96.628
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	60.966	60.239
Umsýslukostnaður	12.274	9.663
Annar kostnaður	1.156	1.425
Rekstrargjöld alls	74.396	71.327
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	48.343	25.301
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	13.362	20.051
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<b>61.705</b>	<b>45.352</b>
Óráðstafað eigið fé	<b>507.300</b>	<b>445.595</b>


### Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2006	273	
2007	200	-26,7
2008	205	2,5
2009	296	44,4
2010	353	19,3
2011	553	56,7
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	737	-6,6


Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



## Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2014

### Stjórn sjóðsins var á síðasta ári skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og ríkisins:

Geir Guðmundsson, VFÍ  
 Arnór B. Kristinsson, VFÍ  
 Gunnar Gunnarsson, f.h. fjármálaráðherra.  
 Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Fjöldi þeirra sem greitt var fyrir til sjóðsins jókst um tæp 13% milli ára fór úr 339 í 388.

Frá stofnun hefur verið greitt 1,72% af dagvinnulaunum í sjóðinn en með nýjum kjarasamningi um mitt ár 2008 lækkaði það hlutfall í 0,46%. Með kjarasamningi 2011 var hlutfallið aftur hækkað og var 1,11% af heildarlaunum frá 1. júlí 2012. Frá 1. janúar 2015 breyttist iðgjaldið aftur í 1,72% af föstum mánaðarlaunum.

Á árinu 2008 var úthlutunarreglum breytt þannig að hámarksstyrkur var hækkaður í 450.000 kr. á hverju þriggja ára tímabili.

Iðgjöld í sjóðinn hækkuðu úr 24,7 millj. kr í 26,8 millj. kr eða um 8,5%


### Rekstrarreikningur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	26.803	24.693
Eingreiðsla ríkissjóðs	0	0
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>26.803</u>	<u>24.693</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	18.068	12.676
Umsýslukostnaður	2.680	2.469
Annar kostnaður	708	618
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>21.456</u>	<u>15.763</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	5.347	8.930
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	880	1.734
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>6.227</u>	<u>10.664</u>
Óráðstafað eigið fé	<u>64.832</u>	<u>58.605</u>


Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 18,1 mkr. og hækkaði um 43% milli ára. Umsóknnum fjölgaði hins vegar einungis um 7.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2014 er eftirfarandi: 60 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 30 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 90 umsóknir.


Sjóðfélagar  
Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr  
Vísinda- og starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur Vísinda- og  
starfsmenntunarsjóðs VFÍ



## Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2014

### Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2014-2015 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ og sveitarfélaganna:

Árni Ísberg, VFÍ  
Þorsteinn Sigurjónsson, VFÍ  
Guðjón Örn Helgason, Reykjavíkurborg

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á samkomulagi félagsins við Reykjavíkurborg og sveitarfélög frá 1989 auk viðbótarsamninga og breyttra kjarasamninga á síðustu árum. Starfsmenn sveitarfélaga áttu rétt á að launagreiðandi greiddi 1,72% af dagvinnulaunum þeirra í sjóðinn en með nýjum kjarasamningum er mismunandi hve iðgjald er hátt. Á árinu 2008 var úthlutunarreglum breytt þannig að hámarksstyrkur var hækkaður í 480.000 krónur á hverju þriggja ára tímabili. Einnig var samþykkt á árinu 2010 að hækka styrki til tölvukaupa í 200.000 krónur.


Greiddir styrkir á liðnu ári voru 25 alls, sem er fækkun um 10 styrki frá árinu 2013. Heildarupphæð styrkja á síðasta ári var 5,6 milljón sem er 25% lækkun á milli ára.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2014 er eftirfarandi: 11 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða og 14 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði.


### Rekstrarreikningur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	15.068	9.827
Iðgjöld Starfsmenntunarsjóðs alm. mark	10.960	5.977
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>26.028</u>	<u>15.804</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	5.051	5.644
Umsýslukostnaður	2.603	1.580
Annar kostnaður	663	588
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>8.317</u>	<u>7.812</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	17.711	7.992
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	739	970
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>18.450</u>	<u>8.962</u>
Óráðstafað eigið fé	<u>56.638</u>	<u>38.188</u>


Sjóðfélagar  
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr  
Starfsmenntunarsjóði VFÍ



Lykiltölur  
Starfsmenntunarsjóðs VFÍ



## Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2014

### Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2014-2015:

Margrét Edda Ragnarsdóttir  
Sveinn V. Árnason  
Kristján Sturlaugsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2015 verður átjándi sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Árið 2008 keypti sjóðurinn tvö orlofshús af starfsmannafélagi Stálsmiðjunnar. Þau er staðsett í Húsafelli og á Kirkjubæjarklaustri. Húsið á Klaustri var selt í lok síðasta árs og stefnt er að því að kaupa eða byggja hús í Borgarfirði í stað þess.

Húsið í Húsafelli var stækkað og endurbýgt árið 2010 og hefur verið mjög eftirsótt í kjölfarið.

Árið 2012 keypti sjóðurinn nýja íbúð við Sómatún á Akureyri.

OVFÍ á tvö góð hús í Hraunborgum í Grímsnesi sem voru endurnýjuð á síðasta ári og í ár leigir sjóðurinn einnig tvö nýleg hús skammt frá Borgarnesi, hús við Hreðavatn, í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði, íbúð á Akureyri, sumarhús að Hrísum í Eyjafirði, sumarhús að Staffelli á Héraði og sumarhústað í Árnesi í Gnúpverjahreppi. Auk þess býður sjóðurinn upp á leigu á tjaldvögnum og niðurgreiðslu á hótulgistingu með sölu á hótelmiðum.

Umsóknir um sumarúthlutun 2014 voru 297 og tókst að úthluta 149 gistingu í hús-


um og tjaldvögnum. Auk þess var 75 sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótulgistingu á EDDU hóteli. Alls var greitt fyrir 1874 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2014.

Fullgildir félagar eru um 1400. Heildaríðggjaldagreiðslur á árinu voru 34,5 mkr. sem er 27% hækkun frá árinu 2013.


### Rekstrarreikningur Orlofssjóðs VFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	34.495	27.096
Leigutekjur	6.052	5.255
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>40.547</b>	<b>32.351</b>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	12.287	7.846
Rekstur orlofshúsa	10.914	5.102
Umsýslukostnaður	4.866	3.882
Annar kostnaður	1.014	897
Fyrning sumarhúsa	4.910	4.640
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>33.991</b>	<b>22.367</b>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	6.556	9.984
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	-115	-568
<b>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</b>	<b>6.441</b>	<b>9.417</b>
Óráðstafað eigið fé	<b>78.277</b>	<b>71.836</b>

Sjóðfélagar  
Orlofssjóðs VFÍ



Lykiltölur  
Orlofssjóðs VFÍ





## Skýrslur deilda, nefnda og faghópa

### Byggingarverkfræðingadeild

Ýmis mál og erindi berast á borð Byggingarverkfræðingadeildar VFÍ (BVFÍ) á hverju starfsári. Oft er verið að leita umsagna og álits á málefnum sem tengjast faginu og fagnar stjórn BVFÍ því að fá þau mál til sín. Ýmist er það stjórnin sem tekur að sér vinnu er snýr að málum/erindum þessum eða aðrir félagsmenn og fer það allt eftir eðli og umfangi hverju sinni. Stjórn hittist reglulega yfir starfsárið og fer yfir þau mál sem berast stjórninni og eru fundir iðulega haldnir í húsakynnum VFÍ við Engjateig.

Þann 26. mars 2014 stóð BVFÍ fyrir hádegisfyrirlestri og var yfirskrift fyrirlestursins Hjólför í íslensku malbiki – slit og deigar formbreytingar. Fyrirlesari var Birkir Hrafn Jóakimsson hjá Verkís sem þá var nýútskrifaður verkfræðingur. Fyrirlesturinn fjallaði um lokaverkefni hans við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fín mæting var og spennust skemmtilegar umræður í lok fyrirlestrar.

Í maí 2014 óskaði Mannvirkjastofnun eftir því að BVFÍ tilnefndi fulltrúa til þess að koma að kynningu og innleiðingu gæðastjórnunarkerfa í byggingariðnaði. Samkvæmt lögum um mannvirki skulu allir hönnuðir vera með samþykkt gæðakerfi hyggist þeir skila inn gögnum til byggingarfulltrúa. Stjórnarmeðlimur tók að sér að vera fulltrúi VFÍ þeirri vinnu.

Aðalfundur BVFÍ auglýstur í maí 2014 í tengslum við skoðunarferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Mikil skipulagning var lögð í ferðina en sökum dræmrar þátttöku var bæði aðalfundi og skoðunarferð frestað

þetta árið. Því var engin breyting á stjórn deildarinnar á starfsárinu.

Í júní 2014 leitaði VFÍ til stjórnar BVFÍ til þess að taka þátt í skipulagningu á Degi verkfræðinnar sem mun koma í stað hefðbundinnar árhátíðar í apríl 2015. Stjórnarmeðlimir tóku þátt í þessari skemmtilegu skipulagningu og erum við þess fullviss að þessi nýbreytni eigi eftir að verða skemmtileg viðbót og höfða til mjög breiðs hóps verkfræðinga og tæknifræðinga.

Í nóvember 2014 var óskað eftir því að BVFÍ tilnefndi fulltrúa til þess að sitja heilsdags þing um Stefnumót íslensks byggingariðnaðar. Erfiðlega gekk að finna fulltrúa til þess að taka verkefnið að sér en að lokum hófst það með dyggri aðstoð framkvæmdastjóra VFÍ.

Þann 27. nóvember 2014 stóð BVFÍ fyrir fyrirlestri um léttlestakerfi. Yfirskrift fyrirlestursins var Skipulagning léttlestakerfis í Óðinsvéum í Danmörku. Fyrirlesari var Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkfræðingur hjá COWI A/S í Danmörku og stjórnarmeðlimur í BVFÍ. Vel var mætt á fyrirlesturinn og voru fjörugar umræður þar sem velt var upp hinum ýmsu hliðum almenningsgangna.

Í janúar 2015 óskaði Mannvirkjastofnun eftir því að BVFÍ tilnefndi fulltrúa til þess að taka sæti í íslenskum ráðgjafahópi vegna Nodic Built Cities verkefnisins sem er á vegum Norræna nýsköpunarsjóðsins (Nordic innovation). Stjórnin tilnefndi einn félagsmann, utan stjórnar, sem fulltrúa VFÍ.

Iðorðastarf hefur ávallt verið hluti af starfi félagsins. Lítið hefur þó verið aðhafst í þeim málum á árinu en við finnum fyrir

auknum áhuga frá fleiri fagfélögum og vonandi verður á endanum hægt að koma iðorðasafni á rafrænt form eins og stefnt er að.

Þegar þetta er ritað, um miðjan mars 2015, er fyrirhugað að halda aðalfund félagsins í maí n.k. Verið er að skoða það hvort boðið verður upp á áhugaverða skoðunarferð eða fyrirlestur í tengslum við fundinn en viðfangsefni liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Undirritaður vill að lokum nota tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem hefur tekið að sér vinnu fyrir félagið þegar til þeirra hefur verið leitað á starfsárinu. Það er ekki sjálfgefið þar sem sjaldnast er um launaða vinnu að ræða og því má segja að hugsjónir og áhugi viðkomandi aðila á viðfangsefninu ráði för hverju sinni.

*Sigurður Guðjón Jónsson, formaður.*

### Vélaverkfræðingadeild

Rólegt hefur verið yfir starfsemi Vélaverkfræðingadeildar VFÍ (VVFÍ) síðustu ár og voru engir viðburðir á vegum deildarinnar á síðastliðnu starfsári.



## Norðurlandsdeild VFÍ

### Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn föstudaginn 28. mars 2014. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Kristinn Magnússon tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður. Eva Hlín Dereksdóttir gaf kost á sér og var hún einróma kjörin nýr formaður. Freyr Ingólfsson var endurkjörinn gjaldkeri félagsins, Adam Traustason ritari og Sigurjón Jóhannesson varamaður í stjórn.

Einnig voru þeir Pétur Torfason og Eiríkur Jónsson endurkjörnir skoðunarmenn ársreikninga.

### Síldarkvöld

Árlegt síldarkvöld NVFÍ og NTFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum.

Fundarstjóri kvöldsins var Logi Einarsson arkitekt og ræðumaður kvöldsins var Sigurður Ingi Friðleifsson hjá Orkusetri sem hélt erindi um bættu orkunýtingu og orkuskipti í samgöngum. Fundurinn var að vanda haldinn í samvinnu við Tæknifræðingafélag Íslands (NTFÍ). Fundurinn var vel heppnaður og vel sóttur. Að erindi loknu var snæddur kvöldverður.

### Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu. Hluti funda voru haldnir með stjórn NTFÍ.

### Haust viðburður – Dagsferð í Skagafjörð

Þann 11. október var haldið í langþráða heimsókn til starfssystkina okkar í Skagafirði. Veg og vanda að skipulagningu

þessarar ferðar höfðu þeir Atli Gunnar Arnórsson hjá verkfræðistofunni Stoð og Jón Örn Berndsen, skipulags og byggingarfulltrúi Skagafjarðar. Byrjað var á að heimsækja verkfræðistofuna Stoð þar sem starfsmenn kynntu fyrirtækið, helstu verkefni á svæðinu og tæknisamfélagið í Skagafirði almennt. Haldið var í Steinullarverksmiðjuna þar sem Einar Einarsson framkvæmdastjóri fór meðal annars yfir merka sögu fyrirtækisins. Næst var haldið í Mjólkursamlag KS og skoðaður nýr og gamall tækja- og húsakostur undir leiðsögn Jóns Þ. Jósepssonar gæðastjóra. Eftir allan þennan fróðleik þá var fólkinu brynt með eðaldrykknum Gæðingi í nokkrum útgáfum á Microbar en í leiðinni fræddi Árni Hafstað, eigandi, viðstadda um tilurð Gæðings Öl ehf. Því næst var farið í Sjávarleður/Gestastofu Sútarans og kynnti Sigríður Káradóttir, framkvæmdastjóri, vinnslu og afurðir fyrirtækisins.

Að loknum þessum skemmtilegu heimsóknnum snæddu þátttakendur frábæran kvöldverð á Hótel Varmahlíð. Þátttakendur í haustferðinni voru samtals um 30 og var mökum boðið með.

### Samlokufundur

Ekki voru haldnir samlokufundir á starfsárinu en fyrirhugaður er samlokufundur í máí um rekstur og framkvæmdir í Hlíðarfjalli.

### Lokaorð

Það starfsár sem hér hefur verið gerð grein fyrir hefur verið frekar rólegt hvað félagsstarfið varðar. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NTFÍ með miklum ágætum.

Stjórn NVFÍ vill þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari og virkari þátttöku félaga á því starfsári sem framundan er. Þó ekki hafi verið haldnir samlokufundir á síðasta starfsári er vilji til að bæta úr því framtaksleysi og stefnt á að finna skemmtilega fyrirlesara til að vera með stutta samlokufyrirlestra á næsta starfsári auk þess sem haustferðin verður á sínum stað.

*Eva Hlín Dereksdóttir, formaður.*

## Austurlandsdeild VFÍ

### Aðalfundur

Sameiginlegur aðalfundur Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ var haldinn miðvikudaginn 6. mars 2014.

Á dagskrá voru tvö áhugaverð erindi. Ársæll Þorsteinsson, verkfræðingur hjá Mannviti kynnti CE merkingar og Gísli Eiríksson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, kynnti framkvæmdir við Norðfjarðargöng.

### Stjórnarfundir

Stjórnir Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ hafa fundað sameiginlega sjö sinnum á starfsárinu 2014-2015. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum. Verkaskipting skiptist þannig: Anna Elín Jóhannsdóttir, formaður, Einar Andrésson, gjaldkeri og Sigurður Freysson, ritari. Fundir hafa verið haldnir sameiginlega með ATFF. Verkaskipting TFÍ er þannig: Valdimar Baldursson, formaður, Kristján Sigurbergsson, gjaldkeri og Guðmundur I. Einarsson, ritari.



## Námskeið

Námskeið „Stærðfræði í takt við tímann“ var haldið fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga á Austurlandi.

Námskeiðið var haldið í Molanum Reyðarfirði (Austurbrú) þriðjudaginn 1. apríl kl. 15-18. Austurlandsdeildir VFÍ og TFÍ buðu upp á léttar veitingar. Námskeiðið var bæði gagnlegt og skemmtilegt og veitti innsýn og kynnti þær byltingarkenndu framfarir sem hafa orðið í allri stærðfræðivinnu með tilkomu stærðfræðiforrita.

Kennt var að nota þekkingar- og stærðfræðiforritin Wolfram Alpha og Maple og ýmsar vefsíður kynntar sem ætlaðar eru til að leysa algeng verkefni.

Innifalið í námskeiðsgjaldinu var bókin Stærðfræði í takt við tímann og einnig ný íslensk myndræn raðbók um stærðfræði á öllum skólastigum.

## Haustferð

Farið var í sameiginlega haustferð Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ þann 7. nóvember 2014 og þótti hún takast mjög vel. Byrjað var á því að skoða Norðfjarðargöng og voru félagsmenn viðstaddir þegar sprengt var í göngunum. Þaðan var haldið á Hildebrand hótél á Neskaupsstað þar sem hlýtt var á fróðlega og skemmtilega fyrirlestra. Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur hjá Hnit fjallaði um jarðfræði í tengslum við Norðfjarðargöng og Ales Gothard, verkefnistjóri hjá Metrostav fjallaði um framkvæmdina í Norðfjarðargöngum. Þórarinn Sveinn Arnarson, verkefnistjóri olíuleitar hjá Orkustofnun fjallaði um olíuleit við Ísland. Eftir fyrirlestrana gæddu félagsmenn sér á dýrindis veitingum á Hildebrand hótél.

Stjórnir ATFÍ og AVFÍ höfðu veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja

stjórnarmenn þakka félagsmönnum fyrir frábæra þátttöku í haustferðinni.

## Lokaorð

Starfsárið 2014-2015 sem hér hefur verið gert grein fyrir hefur verið stjórnarmönnum gefandi. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf AVFÍ og ATFÍ meðmiklum ágætum. Austurlandsdeildirnar vilja þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félagsmanna á því starfsári sem framundan er og vill minna meðlimi á að félagið erum við sjálf sem að því standa.

*Anna Elín Jóhannsdóttir, formaður.*

## Rafmagnsverkfræðingadeild

Aðalfundur RVFÍ 2014 var haldinn í Verkfræðingahúsi miðvikudaginn 19. febrúar 2014 þar sem eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Einar Pálmi Einarsson, Vigfús Gíslason, Kjartan Hjörvar og Steingrímur Jónsson. Steingrímur fluttist búferlum til Akureyrar stuttu eftir aðalfund en í stað hans vann Jón H. Magnússon með stjórninni út starfsárið.

Á aðalfundinum hélt Sverrir Jan Norðfjörð, deildarstjóri kerfispróunar hjá Landsneti, fyrirlesturinn: „Uppbygging flutningskerfis raforku – flutningsþörf og valkostir“ og fjallaði um þær áskoranir sem felast í að hanna framtíðar raforkuflutningskerfi fyrirtækisins.

## Samlokufundur

Þann 25. september 2014 var haldinn Samlokufundur um sjálfvirka kaþbáta. Stefán Stefánsson frá RUAUV og Þorsteinn Arinbjarnarson frá Teledyne Gavia fluttu erindi um tæknina á bak við þá og notkun.

Þann 6. nóvember 2014 var haldinn samlokufundur um flygildi (dróna). Fyrirlestrarnir voru þrír. Tryggvi Stefánsson frá Svama hélt fyrirlesturinn „Selir“ og sagði frá flugi við Íslenskar aðstæður og selatölningu. Ólafur Rögnvaldsson hélt fyrirlesturinn „SUMO“ (Small Unmanned Meteorological Observer) og fjallaði um flygildi til veðurmælinga og notagildi þeirra mælinga í veðurspálíkönunum. Richard Yeo hélt fyrirlesturinn „Gas Gas“ og sagði frá fyrirhuguðum gasmælingum úr lofti og öðrum mælímöguleikum. Einnig fjallaði hann um regluumhverfi flygilda á Íslandi.

## Rafbílaráðstefna

Þann 13. nóvember 2014 var haldin ráðstefna um rafbílavæðingu á Íslandi í samstarfi við marga áhugaaðila. Hún var haldin í ráðstefnusal Arionbanka Borgartúni 19.

Dagskráin var metnaðarfull og á staðnum voru rafbílur til sýnis og prufuaksturs.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, setti ráðstefnuna og forsætisráðherra, hr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sagði frá stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Meginfyrirlestur ráðstefnunnar var um „Electric vehicles in Norway - Environmental, economic and practical aspects“ þar sem Marika Kobenstvedt, Senior research sociologist, Department of Safety and Environment, Institute of Transport Economics, Oslo, Norway, kynnti niðurstöður skýrslu um stefnumörkun í rafbílavæðingu í Noregi og hvað Ísland getur lært af reynslu Noregs.

Mælendaskrá var löng og má þar nefna Runólf Ólafsson framkvæmdastjóra FÍB um áhuga og hagsmuni neytenda, Pál Erlend forstjóra ON um hleðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, Tryggva Þór Haraldsson forstjóra RARIK um hleðslustöðvar á landsbyggðinni og Hlyn Stefánsson dósent við Háskólann í Reykjavík um þjóðhagslegan ávinning af rafbílavæðingu Íslands til lengri tíma lítið. Einnig voru fyrirlestrar um rafbíla frá Jóni Trausta Ólafssyni formanni Bilgreinasambandsins og fyrirtækjunum Öskju, Bílabúð Benna, BL, Even og Heklu.

Í lokin voru panelumræður og var panelinn samsettur af Maríku Kolbenstvedt, Kristínu Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa Reykjavíkur, Herði Arnarsyni forstjóra Landsvirkjunar, Páli Erlend, Tryggva Þór Haraldssyni, Ómar Ragnarsyni bíla- og umhverfisáhugamanni, og Runólfi Ólafssyni. Umræðustjóri var Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ráðstefnustjóri var Kristinn Andersen, formaður VFÍ.



Óhætt er að segja að ráðstefnan og mál-efnið rafbílavæðing Íslands hafi vakið mikla eftirtekt. Fullt var út úr dyrum á ráðstefnunni og umfjöllun í fjölmiðlum vikurnar þar á eftir.

Í tengslum við ráðstefnuna var stofnaður Facebook hópur „VFÍ Rafbílar“ en markmiðið er að miðla upplýsingum og skapa umræðu um rafbíla á Íslandi.

Sérstök driffjöður rafbílaráðstefnunnar var Jón Hjaltalín Magnússon.

Starfshópur til að vinna tillögur um rafbílavæðingu Íslands

Í framhaldi af ávarpi forsætisráðherra á rafbílaráðstefnunni varð það að samkomulagi að RVFÍ skipaði starfshóp til að vinna tillögur um rafbílavæðingu Íslands. Starfshópnum var sett það markmið að skila af sér tillögum 45 dögum eftir ráðstefnuna. Leitað var álits margra hagsmunaaðila og jafnframt voru nýttar ábendingar fyrirlesara og þátttakenda í pallborðsumræðum á fyrrgreindri ráðstefnu.

Á 47. degi þ.e. þann 30. desember 2014 afhentu fulltrúar Verkfræðingafélags Íslands, þeir Kristinn Andersen formaður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ), Kjartan T. Hjörvar formaður RVFÍ, og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og Ragnheiði Elínu Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillögur að stefnumótun um rafbílavæðingu Íslands ásamt aðgerðaráætlun og greinargerð. Orsakaðist seinkunin af önnum í kringum jól, en skýrslan var tilbúin til afhendingar vel fyrir jól.

*Stjórn RVFÍ.*

## Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2014 var fjallað um samtals tólf kafla í Alþjóðlega raftækniórðasafninu, IEV. Yfirferð allra þessara kafla lauk á árinu utan eins, þ.e. kafla 702 "oscillations, signals and related devices".

Raftækniórðasafn nefndarinnar á vefsíðu Snöru hefur frá ársbyrjun 2013 verið uppfært eftir þörfum samkvæmt áframhaldandi störfum nefndarinnar og hefur samstarfið við Snöru gengið vel.

Raftækniórð er einnig að finna í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar en hægt hefur gengið að fá þar sett inn ný og breytt iðorð. Nauðsynleg uppfærsla orðanna þar hefur í raun aðeins einu sinni farið fram á síðustu tíu árum og var það sumarið 2012, þegar endurskoðað raftækniórðasafn nefndarinnar var loks sett inn í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar.

Heildarumfang raftækniórðasafnsins nemur nú um 18.700 iðorðum. Til viðbótar liggur nú fyrir frumþýðing um 4.200 iðorða sem nefndin á eftir að yfirfara áður en þau verða birt í Snöru. Þetta er verkefni sem líklega á eftir að taka nefndina nokkur ár. Ýmsir aðilar og ekki síst Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leituðu sem oftast til Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga á árinu með fyrirspurnir.

ORVFÍ ásamt VFÍ eru meðal stofnenda Málræktarsjóðs og eiga því rétt á að sitja aðalfundi sjóðsins. Sigurður Briem var fulltrúi ORVFÍ og Jón Þóroddur Jónsson fulltrúi VFÍ árið 2014.

Um áramótin 2014/2015 hafði ORVFÍ komið saman á 1350 fundum frá árinu 1971 þegar fyrst var farið að færa fundargerðir reglulega. Að meðaltali hafa því verið

haldnir rúmlega 30 fundir árlega undanfarna fjóra áratugi. Það hefur mjög auðveldað að störf nefndarinnar að hún hefur ávallt notið velvilja og rausnar Orkustofnunar varðandi fundaraðstöðu og veitingar á fundum.

Nefndin tók sér sumarleyfi frá júní þar til í miðjum september.

Fundir nefndarinnar urðu 31 á árinu 2014 og voru að jafnaði 5-6 á fundi hverju sinni en heilsufarsástæður hafa hamlað fundarsókn nokkurra nefndarmanna

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Gunnar Ámundason  
Gústav Arnar  
Ívar Þorsteinnsson  
Jón Þóroddur Jónsson  
Ólafur Pálsson  
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar  
Sæmundur Óskarsson  
Torfi Þórhallsson  
og Hreinn Jónasson rafmagnstækni-  
fræðingur

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph. D. í íslenskri málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarnin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

*Sigurður Briem, formaður.*

## Kvennanefnd VFÍ

Kvennanefnd VFÍ var stofnuð árið 2000. Á stofnfundi nefndarinnar voru sett fram þrjú lykilmarkmið. Í fyrsta lagi að kvenverkfræðingar hafi jafnmikil áhrif og taki jafnan þátt í tækniþróun og karlverkfræðingar. Í



öðru lagi að auka ásókn kvenna í verkfræði- og tæknigreinar með því að gera kvenverkfræðinga sýnilegri svo til staðar sé fagleg fyrirmynd fyrir stúlkur og í þriðja lagi að kynnast innbyrðis og styrkja stöðu kvenna innan stéttarinnar.

Í stjórn kvennanefndar starfsárið 2014 sátu Björg Guðjónsdóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, Helga Gunnlaugsdóttir, Kamilla Reynisdóttir, Kolbrún Reinholdsóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir. Tveir nýir stjórnarmenn gengu til liðs við nefndina; þær Björg og Helga.

Þegar þetta er skrifað, í marsmánuði 2015, eru 486 konur í VFÍ sem er rétt um 20% félagsmanna. Á starfsárinu sat ein kona í stjórn VFÍ, Guðrún Sævarsdóttir, forseti Tækni- og verkfræðideildar HR. Í stjórn Kjaradeildar VFÍ sátu tvær konur, þær Auður Ólafsdóttir og Elísabet Vilmarisdóttir. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi sat engin kona. Í öðrum stjórnnum nefnda og deilda félagsins sátu, að Kvennanefnd meðtalinni, samtals 14 konur.

Á starfsárinu 2014-2015 einbeitti nefndin sér að stefnumótun til þess að skerpa á markmiðunum sem sett voru við stofnun nefndarinnar árið 2000 og getið er hér í upphafi. Á þeim 15 árum sem nefndin hefur starfað hefur hlutfall kvenna í VFÍ aukist hægt og örugglega og er það ánægju- efni, en betur má ef duga skal. Kvennanefndin einsetti sér því sem fyrr að standa fyrir viðburðum sem endurspeglja þau lyklatríði sem komu fram í stefnumótun nefndarinnar, þ.e. að auka ásókn kvenna í verkfræði, efla konur sem leiðtoga á sínum sviðum, fjölga fyrirmyndum með því að vekja athygli á áhugaverðum störfum kvenverkfræðinga og styrkja tengslanet kvenna í faginu. Að sama skapi setti nefndin sér það markmið að standa árlega fyrir fræðslu- erindum tengdum kjaramálum og starfsþróun.

Kvennanefndin hélt áfram samstarfi sínu við Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Félag kvenna í endurskoðun, Félag kvenna í lögmennsku og Félag prestvígðra kvenna á starfsárinu 2014. Á haustmánuðum beitti Kvennanefndin sér, fyrir tilstilli Jóhönnu Hörpu Árnadóttur fyrrum formanns VFÍ, fyrir því að skipulagður yrði sérstakur viðburður tengdur 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna árið 2015. Stendur sú vinna enn yfir.

Árinu lauk með skemmtilegri heimsókn í Landsnet þar sem þær Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar, og Unnur Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í framkvæmdadeild fræddu gesti um starf-

semi fyrirtækisins. Viðburðurinn var afar vel sóttur og komust færri að en vildu. Nýtt ár var svohafið með vetrarboði Kvennanefndar VFÍ eða svonefndu rósaboði, hinn 28. janúar 2015. Þar var þeim konum, sem lokið höfðu prófi í verkfræði á árinu 2014, fagnað sérstaklega og þær boðnar velkomnar í hópinn. Er þetta í annað sinn sem þessi viðburður er haldinn og verður hann árlegur héðan í frá enda til þess fallinn að þetta hóp þeirra nýútskrifuðu og efla tengslanet þeirra með því að leiða saman reyndar konur innan VFÍ og þær sem nýlega hafa slegist í hópinn. Þann 12. febrúar stóð nefndin fyrir fundi um launaviðtöl í Verkfræðingahúsi. Á fundinn var boðið konum í VFÍ og TFÍ og mættu um 90 konur og hlýddu á erindi Þrúðar G. Haraldsdóttur, sviðsstjóra kjaramála. Mikil ánægja var með fundinn og ljóst að þörf er á að halda fleiri fundi um kjaratengd málefni.

Á nýju ári mun nefndin áfram stefna að fjölbreyttum viðburðum sem höfða ættu til sem flestra auk þess sem 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna skal fagnað með sérstökum viðburði. Til þess að fræðast um störf Kvennanefndar VFÍ og sjá upplýsingar um næstu viðburði bendum við á facebook-síðu nefndarinnar: [www.facebook.com/kvennanefndvfi](http://www.facebook.com/kvennanefndvfi)

*Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður.*

## Hljóðvistarfélag Íslands \_ ÍSHLJÓÐ

### **Skýrsla um starfsemina frá aðalfundi 18. sept. 2014 til aðalfundar 9. apríl 2015.**

Á aðalfundi félagsins 18. sept. 2014 gengu úr stjórn Steindór Guðmundsson formaður og Ingólfur Arnarson, en í stað þeirra komu Jakob Tryggvason og Kristín Ómarsdóttir. Þá varð Ólafur Daníelsson formaður, Kristín Ómarsdóttir gjaldkeri og Jakob Tryggvason ritari félagsins.

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að innheimta félagsgjöld, m.a. til að ákvarða fjölda virkra félagsmanna. Það hefur nú verið gert og tengiliðalisti félagsmanna uppfærður. Í dag eru skráðir 20 félagsmenn.

Félagið hefur nú formlega verið stofnað og hefur það fengið kennitöluna 431214-0400. Innan vébanda EAA hefur ÍSHLJÓÐ félagsnúmerið 14, sem nýta má til að fá til dæmis afslátt af ráðstefnugjöldum. Til að hægt væri að stofna félagið þurfti að skilgreina hvernig hugsanlegum eigum félagsins yrði

ráðstafað yrði því skipt upp, og var því 9. gr. laga félagsins gerð á þá leið að hugsanlegum eignum verði ráðstafað til góðgerðarmála.

Í nóvember 2014 barst formanni tölvupóstur þar sem ÍSHLJÓÐI var boðið að gerast aðildarfélag í ICA, International Commission for Acoustics. Kosið verður um aðildina á aðalfundi 9. apríl 2015.

Frá því 18. september 2014 hefur einn NAA fundur verið haldinn í gegnum fjarfundar- búnað. Þátttakendur á fundinum voru Ólafur Daníelsson (IAA), Hans Jonasson (SAS), Tapio Lokki (ASF), Birgit Rasmussen (DAS), Elin Rasten (NAS) og Leif Nielsen, gjaldkeri NAA. Næsti forseti NAA (2015) var kosinn Hans Bodén frá Svíþjóð. Fáein málefni voru rædd, en meðal þeirra var umræða um að koma á laggirnar starfshópi sem gerði úttekt á menntamálum í hljóðvist á Norðurlöndunum. Formenn hljóðvistarfélaganna tóku þetta að sér. Einn símafundur hefur verið haldinn vegna þessa, en vinna starfshópsins er nú í mótn. Þá var fjallað um undirbúning fyrri BNAM í Svíþjóð 2016. Spurt var hvort ÍSHLJÓÐ hefði hafið undirbúning BNAM 2018 en gefnar voru þær upplýsingar að það yrði eitt af verkefnum nýrrar stjórnar 2015.

Hans Bodén var kosinn forseti NAA. Hann er prófessor við KTH. Íris hefur verið forseti frá árinu 2008. Á undan henni var Heikki Tuominen forseti, á árunum 2002-2008 og þar áður Áshild Båsen Eide, á árunum 1998-2002. Á undan henni var Jens Holger Rindel forseti (1992-1998) en á undan honum Sven Lindblad (1986-1992). Á undan honum voru fimm forsetar, sá fyrsti Daninn Fritz Ingerslev á árunum 1954-1962

Í nóvember 2013 var myndaður nýr starfshópur um endurskoðun staðalsins ÍST45, og í honum eru Steindór Guðmundsson, Bergþóra Kristinsdóttir, Sigurður Karlsson og Ólafur Daníelsson, en auk þess Arngrímur Blöndal frá Byggingarstaðlaráði (ritari hópsins) og Hafsteinn Pálsson frá Umhverfisráðuneytinu. Vinna við uppfærslu staðalsins er enn í fullum gangi, en stefnt var að auglýsingu á staðlinum í apríl 2015.

*Fyrir hönd stjórnar,  
Ólafur Daníelsson, formaður.*

## Viðburðir 2014 – 2015

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu VFÍ og TFÍ. Félagsmönnum beggja félaga er boðið að taka þátt þó viðburðir séu á vegum annars félagsins. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vefsvæðum félaganna.

2. apríl 2014

### Góð eftirlaun koma ekki af sjálfu sér

Kynningarfundur Almenna lífeyrissjóðsins, Fyrirlesari: Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri.

8. apríl 2014

### Námskeið á austurlandi: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

10. apríl 2014

### Ljóstækni í jarðgöngum - Kísill sem leiðari í hitaraftækjum

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesarar: Tveir nýútskrifaðir rafmagnstæknifræðingar, þeir Bjarni Jakob Gunnarsson og Birgir Hrafn Hallgrímsson og kynntu þeir lokaverkefni sín.

8. maí 2014

### Hvað er straumlínustjórnun?

Samlokufundur. Fyrirlesari: Viktoría Jensdóttir, iðnaðarverkfræðingur og deildarstjóri um-bóta og öryggis hjá Össuri.

10. maí 2014

### Skoðunarferð til Vestmannaeyja

14. maí 2014

### Kynningarfundur um kjarasamning við ríkið

19. maí 2014

### Konur í stjórnunarstöðum hjá BMW

Kvennanefnd VFÍ í samstarfi við LEAN Ísland og FKA. Fyrirlesari: Hanne Dinkel, VP of Operations hjá BMW.

27. maí 2014

### Heilbrigðiskerfið á krossgötum

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Smári Kristinsson tæknifræðingur og framkvæmdastjóri Rafarnarins.

2. júní 2014

### Kynningarfundur vegna átaksins: „Skimun á ristilkrabbameini.“

13. ágúst 2014

### VerkTækni golfmótið.

Árlegt golfeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga haldið í sautjanda sinn og fór fram á golfvelli Leynis á Akranesi.

26. ágúst 2014

### Kynningarfundur vegna Rýnisferðar.

14. – 19. september 2014

### Rýnisferð til Toronto í Kanada.

18. september 2014

**Samlokufundur. Hafró og vísindalegur grunnur fiskveiðistjórnunar. Fyrirlesari:** Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

24. og 26. september 2014

### Námskeið fyrir trúnaðarmenn

25. september 2014

### Sjálfvirkir kafbátar

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Stefán Stefánsson frá RUAUV og Þorsteinn Arinbjarnarson frá Teledyne Gavia

11. október 2014

### Haustferð Norðurlandsdeilda

Haustferð Norðurlandsdeilda TFÍ og VFÍ í Skagafjörð. Fyrirtæki á svæðinu heimsótt undir traustri leiðsögn heimamanna.

16. október 2014

### Nálavindivél og sáldurrör

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesarar: Tveir nýútskrifaðir tæknifræðingar frá Háskóla Íslands og Keili, þeir Sigurður Örn Hreindal og Karl Guðni Garðarsson.

20. október 2014

### Námskeið á Akranesi: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

21. október 2014

### Námskeið á Akureyri: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

30. október 2014

### Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra

Samlokufundur. Fyrirlesari: Gunnar H. Guðmundsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri 7.is.

4. nóvember 2014

### STEFNUMót íslensks byggingariðnaðar

Málþing. Rýnt í stöðu byggingariðnaðar í kjölfar hrunsins. Viðburðurinn var hluti af fundaröðinni „Samstarf er lykill að árangri“. Samstarfsverkefni með SI, NMÍ og fleirum.

6. nóvember 2014

### **Flygildi – drónar**

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Tryggvi Stefánsson frá Svarma, Ólafur Rögnvaldsson og Richard Yeo sem kynntu verkefni á vegum Veðurstofunnar.

7. nóvember 2014

### **Haustferð Austurlandsdeilda.**

Norðfjarðargöng - Olíuleit – Hildibrand. Fyrirlesarar: Þórarinn Sveinn Arnarson, verkefnisstjóri olíuleitar hjá Orkustofnun, Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur hjá Hnit og Ales Gothard, verkefnisstjóri hjá Metrostav.

12. nóvember 2014

### **Nýjar og nauðsynlegar tæknilausnir á Landspítala**

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Aðalsteinn Pálsson og Gísli Georgsson, verkfræðingar á Landspítala.

13. nóvember 2014.

### **Rafbílavæðing Íslands**

Ráðstefna á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar úr ýmsum áttum.

14. nóvember 2014

### **Rafbílavæðing Íslands**

Vinnufundur í framhaldi af ráðstefnu.

20. nóvember 2014

### **Vaxa peningar á trjánum?**

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Frosti Sigurjónsson þingmaður og frumkvöðull.

27. nóvember 2014

### **Léttlestakerfi í Óðinsvéum.**

Samlokufundur á vegum BVFÍ. Fyrirlesari: Lilja G. Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá COWI A/S Danmörku.

3. desember 2014

### **Heimsókn til Landsnets**

Heimsókn á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesarar: Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar og Unnur Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í framkvæmdadeild.

9. desember 2014

### **Samráðsfundur VFÍ og TFÍ**

Á fundinn voru boðaðar stjórnir VFÍ og TFÍ auk stjórnna Kjaradeildar VFÍ, Kjarafélags TFÍ, Stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ (STFÍ) og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ (SVFÍ).

11. desember 2014

### **Reykjavík sem ekki varð**

Samlokufundur, bókakynning. Fyrirlesarar: Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur og Guðni Valberg arkitekt.

20. janúar 2015

### **Námskeið í Reykjavík: Stærðfræði í takt við tímann**

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

28. janúar 2015

### **Vetrarboð Kvennanefndar VFÍ**

Konur í VFÍ komu saman til þess að fagna þeim konum sem luku prófi í verkfræði á árinu 2014.

5. febrúar 2015

### **OCEANA**

Samlokufundur. Fyrirlesari: Jón Ágúst Þorsteinsson, verkfræðingur. Í lok fundar var skrifað undir samning um þátttöku TFÍ og VFÍ í OCEANA, öndvegissetri um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins.

12. febrúar 2015

### **Er kominn tími á launaviðtal?**

Morgunverðarfundur á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesari: Þrúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

12. febrúar 2015

### **geoSilica Iceland ehf.**

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Fida Abu Libdeh.

12. mars 2015

### **Aðalfundur Austurlandsdeilda.**

16. mars 2014

### **Heiðursfyrirlestur IEEE**

„Electrostatic Discharge Protection Design for Integrated Circuits and Systems An IEEE Circuit and Systems.“ Fyrirlesari: Prófessor Albert Wang, IEEE Fellow Dept of Electrical Engineering, University of California.

20. mars 2015

### **Aðalfundur Norðurlandsdeilda – Síldarkvöld**

23. mars 2015

### **Aðferðafræði við innkaup á ráðgjöf.**

Fundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ. Fyrirlesarar: Michael Osbourne og Jóhannes Karl Sveinsson.

25. mars 2015


### **Aðalfundur KTFÍ**

26. mars 2015

### **Aðalfundur TFÍ.**

10. apríl 2015

### **Dagur verkfræðinnar – aðalfundur VFÍ**



Verkfræðingafélag Íslands